

Ed.

311. Nefndarátt

nm (frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Það, sem felst í frv., er að heimila hjeruðum, þar sem siglingateppa getur átt sjer stað einhvern hluta árs, að taka í sínar hendur innflutning og sölu á nauðsynjavörum, eða að semja við ákveðna innflytjendur að taka að sjer að birgja hjeraðið að nauðsynjum.

Hefir allsherjarnefnd eigi getað orðið sammála um frumvarpið. Einn nefndarmanna (Jóh. Jóh.) er á móti því, en tveir nefndarmenn (J. Bald. og I. P.) vilja mæla með því, hinn síðarnefndi þó með allmiklum breytingum, og skrifar hann undir álit meiri hlutans með fyrirvara.

Alþingi, 10. apríl 1929.

Jón Baldvinsson,
form. og frsm. meiri hl.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari. Með fyrirvara.